



Verðbólga eykst úr 2,7% í 2,8%

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,57% milli mánaða í október og mælist 12 mánaða verðbólga nú 2,8%, samanborið við 2,7% í september. Vísitalan án húsnæðis hækkaði um 0,59% milli mánaða og mælist 1,7% verðbólga á þann mælikvarða á ársgrundvelli, samanborið við 1,8% í september.

Hækkunin í október var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,5% til +0,6%. Við spáðum +0,6%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:


- **Ferðaliðurinn** fyrir utan ökutæki, bensín og flugfargjöld lækkaði vegna þess að innheimtu veggjalda í Hvalfjarðargöngunum var hætt. Áhrif þess að hætt var við gjaldtöku eru -0,12 prósentustig.
- Verð á **nýjum bílum** hækkaði um 2,6%. Þetta var nokkuð meiri hækkun en við bjuggumst við.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,6% milli mánaða.
- **Matur og drykkjarvörur** hækkuðu um 0,9% milli mánaða. Mest hækkaði kál (+8,5%), kartöflur (+8,0%), smjör (+5,5%), sveppir, rótarhnyði og laukar (+4,6%) og ber (+3,8%). Sælgæti (-1,0% og ávextir (-0,9%) lækkuðu hins vegar.

Spá fyrir næstu mánuði

Það er ekkert í tölunum frá því í morgun sem gefur tilefni til að breyta spá okkar frá því fyrr í mánuðinum um framvinduna næstu þrjá mánuði. Við gerum því enn ráð fyrir að vísitalan hækki um 0,2% í nóvember, um 0,6% í desember og lækki um 0,3% í janúar. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 3,4% í janúar.

	Vægi í VNV	Áhrif	
		Raun	Spá
Ferðir og flutningar - annað	4,0%	-0,13%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	-0,01%	0,00%
Póstur og sími	2,1%	0,00%	-0,02%
Menntun	0,7%	0,00%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,01%	0,00%
Heilsa	3,9%	0,02%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,3%	0,02%	0,02%
Föt og skór	3,6%	0,02%	0,02%
Tómst. og menning	9,7%	0,02%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	5,7%	0,03%	0,03%
Bensín og díselolía	3,4%	0,03%	0,04%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	0,04%	0,01%
Flugfargjöld til útlanda	1,2%	0,07%	0,01%
Matur og drykkjarv.	11,3%	0,10%	0,09%
Reiknuð húsaleiga	21,5%	0,12%	0,22%
Kaup ökutækja	8,4%	0,22%	0,09%
Alls	100,0%	0,57%	0,58%


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

Innflutt og innlend verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands

Framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands

Mánaðarbreyting VNV í október



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþspá



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.